

Bátar, sem þekkjast á númerunum, fá að halda áfram, en hinir verða stöðvaðir. 173

Til þess að tryggja, að númer sjáist, verða einkennisstafir og númerin að vera 24. okt. eitt fet á hæð.

4. gr.

Bátar þeir, sem greindir eru hér að framan, mega á daginn fiska þar sem þeir vilja, en á myrkvunartímanum verða þeir að halda sig 200 metra frá landi.

Þetta ákvæði gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

Þetta tilkynnist öllum og eru reglur þessar þegar komnar til framkvæmda.

Lögreglustjórinn á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu, 24. október 1940.

Sig. Eggerz.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Hallormsstaðarskóla“, útgefin á venjulegan hátt 25. október 1940 af dóms- og kirkjumála- 25. okt. ráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Hallormsstaðarskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Hallormsstaðarskóla og er stofnaður á aðalfundi Sambands íslenzkra samvinnufélaga á Hallormsstað 1938.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —.

Stofnandi sjóðsins er Samband íslenzkra samvinnufélaga.

2. gr.

Sjóðurinn er afhentur húsmæðraskólanum á Hallormsstað til fullrar og ótakmarkaðrar eignar og umráða.

Hann er afhentur í peningum.

Sjóðinn skal ávaxta á öruggan hátt eða eins og stjórn hans telur hagkvæmast.

Næstu 10 árin skal $\frac{1}{4}$ vaxtanna árlega lagður við höfuðstólinn. Má ekki skerða höfuðstólinn þann tíma. Að 10 árum liðnum skal skipulagsskráin endurskoðuð og þá ákveðin meðferð höfuðstóls og vaxta eftir því, sem henta þykir. Sjá þó 3. gr.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt starfa sem menningarsjóður húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Skal árlega verja $\frac{3}{4}$ vaxta hans til híbýlaprýði og annara umbóta innanhúss næstu 10 ár. Sjá 2. gr.

Fyrsta vaxtaúthlutun fer fram 1940 af ársvöxtum 1939 og 1940.

4. gr.

Skólaráð húsmæðraskólans á Hallormsstað hefir á hendi yfirumsjón sjóðsins, en að öðru leyti hefir forstöðukona skólans ráðsmennsku hans.

Reikningur sjóðsins skal árlega birtur á þann hátt, sem skólaráðið telur hentugast.

174

25. okt.

Verði húsmæðraskólinn á Hallormsstað lagður niður, ákveður stjórn skólans um leið og búi hans er ráðstafað, hvernig starfsemi sjóðsins skuli háttað í framtíðinni

5. gr.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fullgerð að Egilsstöðum á Völlum, 24. janúar 1940.

Forstöðukona húsmæðraskólans á Hallormsstað

Sigrún P. Blöndal.

Í skólaráði húsmæðraskólans á Hallormsstað

Guðrún Pálsdóttir. Björn Hallsson. Margrét Pétursdóttir.

Jón Kjerúlf. Páll Hermannsson.

175

30. okt.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 25. febrúar s.l., samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 24. febrúar 1940, breytist aftur í íslenzkan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 3. nóvember næstkomandi þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. október 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

176

5. nóv.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Ræktunarsjóð Birtingaholts“ útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. nóvember 1940. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ræktunarsjóð Birtingaholts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Birtingaholts. Hann er stofnaður 17. okt. 1907 af Ágúst Helgasyni, bónda í Birtingaholti, og er nú að upphæð kr. 760.00. Ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta og prýða jörðina Birtingaholt í Árnessýslu.